

Sp.

482. Fyrirspurn

[251. mál]

til forsætisráðherra um byggðaáætlun Hólsfjalla og Möðrudals á Efra-Fjalli.

Frá Ingvari Gíslasyni og Sverri Hermannssyni.

1. Hvaða framkvæmdir hafa átt sér stað á Hólsfjöllum og í Möðrudal á Efra-Fjalli samkvæmt byggðaáætlun um þessa staði?
  2. Hvernig hafa umræddar framkvæmdir verið fjármagnaðar, og hver er heildarkostnaður við þær?
  3. Hvaða framkvæmdir eða byggðaþróunaraðgerðir eru enn helst til umræðu eða eru væntanlegar á grundvelli áætlunarinnar?
- Óskað er skriflegs svars við fyrirspurninni.

#### Greinargerð.

Fyrir um það bil 4 árum var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga 10 þingmanna af Norður- og Austurlandi um sérstakan opinberan stuðning til þess að efla og treysta byggð á Hólsfjöllum í Norður-Þingeyjarsýslu og Efra-Fjalli í Norður-Múlasýslu. Landnámi ríkisins var síðan falið að hafa veg og vanda af samræmingu aðgerða í þessu skyni. Tilgangur Alþingis með samþykkt þingsályktunartillögunnar byggðist fyrst og fremst á skilningi þingsins á samfélagslegri nauðsyn þess, að byggð héldist á þessum stöðum svo og þeirri vitneskju, að ungt fólk hafði sérstakan áhuga á að búa um sig á Fjallajörðum og setjast þar að til frambúðar. Á þessum grundvelli er þegar búið að framkvæma margt á Hólsfjöllum og í Möðrudal undanfarin ár, og bykir fyrirspyrjendum rétt að ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir málinu nú í lok þessa þings, sem einnig er síðasta þing kjörtímabilsins.